VÍSIR

Miðvikudagur 15. september 1976. 221. tbl. 66. árg.

Sjálfstætt vandað og hressilegt blað



Fyrst þarf að samþykkja frumvarpið um rannsóknarlögregluna

Síðan er hægt að fara að byggja stofnunina upp, segir Ólafur Jóhannesson dómsmálaráðherra

„Ég tel að fyrst þurfi að fá samþykkt frumvarpið um rannsóknarlögreglu ríkisins, því að þá verður komin upp sérstök stofnun undir stjórn ríkisrannsóknarlögreglustjóra, en síðan álít ég að stofnunina verði að byggja upp eftir nánari ákvörðunum hans", sagði Ólafur Jóhannesson, dómsmálaráðherra, í morgun er Vísir spurði hann, hvaða ráðagerðir væru uppi um eflingu rannsóknarlögreglunnar.

„Ég hef kynnt Karli Schuts hugmyndir mínar og hann skýrt mér frá, hverju honum finnist ábótavant varðandi starfsemi rannsóknarlögreglunnar", sagði Ólafur Jóhannesson, dómsmálaráðherra ennfremur.

Karl Schuts, ráðunautur Sakadóms, sagði í fréttaviðtali í sjónvarpinu í gærkveldi, að starfsmenn rannsóknarlögreglunnar hér væru menntaðir til almennra lögreglustarfa, en þörfnuðust menntunar í aðalgreinum afbrotafræðinnar. Þá teldi hann þörf á að auka tækninotkun í starfsemi rannsóknarlögreglunnar.

Dómsmálaráðherra sagði í morgun, að forráðamönnu, dóms- og lögreglumála hefði lengi verið ljóst, að tæknibúnaði væri hér ábótavant ef miðað væri við það sem almennt gerðist erlendis — og væri í ráði að auka hann.

„Frumvörp þau, sem ég lagði fram á síðasta þingi og þá náðu ekki fram að ganga, — um rannsóknarlögreglu og breytingu á meðferð opinberra mála og skipun dómsmála í Reykjavík, — verða lögð fram í byrjun þings nú í haust", sagði Ólafur Jóhannesson.

Ráðherra kvaðst hafa strax í vor sent frumvörpin til réttarfarsnefndar og hún hefði fengið allar þær umsagnir, sem borist hefðu til þingnefndarinnar. Réttarfarsnefndin hefði síðan unnið að því í sumar að kynna sér þessi atriði.

Að sögn Ólafs Jóhannessonar gerir nefndin aðeins eina lítilfjörlega breytingu á frumvarpinu um rannsóknarlögreglu, en aftur á móti breytir hún talsvert frumvarpinu um meðferð opinberra mála.

„Ég mun leggja þessi frumvörp fyrir þingið algjörlega eins og þau koma frá nefndinni", sagði ráðherra í morgun. — ÓR

Yfirgripsmikil ljósmyndasýning opnuð á morgun:



Synir Gunnars heitins Hannessonar, ljósmyndara, þeir Hannes Gunnarsson og Gunnar Gunnarsson unnu að uppsetningu sýningarinnar í morgun, er vísismenn litu inn að Kjarvalsstöðum. Mynd LA

Á annað hundrað litmyndir Gunnars Hannessonar sýndar

Á morgun verður opnuð að Kjarvalsstöðum sýning á litmyndum Gunnars heitins Hannessonar, ljósmyndara. Á sýningunni verða 123 myndir frá ýmsum stöðum á landinu og eru myndirnar stækkaðar allt að 30 falt frá upphaflegri filmustærð.

Myndum á sýningunni er skipt í þrjá flokka, myndir frá Reykjavík, myndir af hálendi og jöklum Íslands og myndir úr þremur eldgosum. Bækur voru gefnar út með myndum frá Reykjavík og af öræfum og jöklum en engar myndanna á sýningunni eru úr þeim bókum.

Myndirnar eru festar á sérstaklega til þess gerðar álplötur en allar eru myndirnar stækkaðar í Noregi. Mats Wibe Lund, ljósmyndari sá um að ganga frá myndunum á plöturnar.

Myndirnar eru til sölu og kosta þær frá 50.000 til 60.000 krónur stykkið. JOH

Einangrun fanga í Guðmundarmálinu lokið

— Sjá baksíðu

Framsókn vill nú telja sauði sína
— sjá Svarthöfða
ADEINS Í VÍSI
— bls. 2

Önnur hver stofnun á Íslandi stjórnlaus
ADEINS Í VÍSI
— sjá baksíðu

Selfyssingar hættir að hristast
ADEINS Í VÍSI
— bls. 3

Hugsar leiðir til að bjarga efnahag Frakklands
ADEINS Í VÍSI
— bls. 8